



LANDSÞJÓNUSTUNEFND AA Á ÍSLANDI - LPN
National Service Board of Alcoholics Anonymous in Iceland

Reykjavík í febrúar 2013

Til allra AA deilda á Íslandi:

Blaðsíða þessi óskast lesin upp fyrir AA-fundinn:

Kæru AA félagar:

Sameiginleg velferð okkar þarfnast AA-félaga til þjónustustarfa, ekki bara innan deildarinnar, heldur einnig í þágu heildarinnar. Á Íslandi starfar landsþjónustunefnd sem m.a. sér um að reka þjónustuskrifstofu AA-samtakanna og heldur hina árlega landsráðstefnu. Nefndin er skipuð AA-félögum, sem þið - AA-deildirnar - bjóðið fram til þjónustustarfa.

Bati hvers og eins er undir einingu AA-samtakanna kominn. Við vonum að deildin ykkar haldi samviskufund um efni þessa bréfs.

Hér fylgja með tvö skráningarblöð.

- Annað er skráningarblað frá kjörnefnd vegna tilnefninga til þjónustustarfa í landsþjónustunefnd og óskast það lesið upp fyrir deildina.

Athugið sérstaklega tímamörk vegna tilnefninga til landsþjónustu, en skila þarf skráningarblaðinu fyrir 15. MARS. Þá tekur kjörnefnd til starfa.

- Hitt er skráningarblað á árlega ráðstefnu AA samtakanna, sem verður haldin þann 18.maí. Upplýsingar um umræðuefni ráðstefnunnar eru hér aftan á blaðinu.

Athugið einnig tímamörkin vegna skráningar á ráðstefnuna, og þarf að skila skráningu fyrir 15. APRÍL á þjónustuskrifstofu AA samtakanna við Tjarnargötu.

Að lokum viljum við koma því á framfæri að framlög AA-deilda standa ein undir starfsemi landssamtakanna á Íslandi. Landsþjónustunefnd sem rekur þjónustuskrifstofuna okkar, hefur samkvæmt sjöundu erfðavenjunni, enga aðra innkomu en framlög AA-deilda. Fé sem aflast við sölu á AA-lesefni fer eingöngu til útgáfunefndar og því beint til útgáfumála. Án framlaga frá AA-deildum væri því ekki um rekstur landssamtaka að ræða á Íslandi.

Framlög AA-deilda hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði nú um nokkurt skeið. Öll framlög skipta máli. Við biðjum AA-deildir að athuga þetta og fjalla um það hvort þær geti gert betur í þáttöku sinni við að gera kleift að reka AA-samtökin sem landssamtök á Íslandi. Við þökkum þeim AA-deildum traustið sem lagt hafa til framlög.

Bestu kveðjur í deildina þína,
Fyrir hönd landsþjónustunefndar,

(starfsmaður þjónustuskrifstofu).

Hópavinnuspurningar

Hver AA deild getur valið einn fulltrúa til að sækja ráðstefnuna. Deildin getur, ef hún vill, valið óskahóp fyrir sinn fulltrúa til að starfa í og fjallað um umræðuefnið á samviskufundi, svo deildarfulltrúinn geti komið vel undirbúinn á ráðstefnuna. Reynt er að raða í hópa samkvæmt óskum, en einnig þarf að gæta að jafnvægi á fjölda í hverjum hóp.

Hópar LPR 2013 eru eftirfarandi:

Kjörorð ráðstefnunnar er : „AA-félaginn, AA-einingin”

Umfjöllunarefni hópa:

Hópur 1

Þátttaka deilda á landsþjónusturáðstefnu.

Hvernig er hægt að virkja betur deildir til þátttöku á LPR?

Hvernig er hægt að hækka framlag deilda til LPN?

Er þörf á að kynna landsþjónusturáðstefnuna betur út í AA samfélagið?

Hópur 2

Ábyrgð eldri edrú félaga (old timers)

Hver er ábyrgð okkar í AA?

Hvernig höldum við í reynslu eldri félaga?

Hvernig virkjum við reynslu þeirra?

Hópur 3

Hvernig tökum við á móti fólki þegar það kemur í AA.

Hvernig getur AA deildin tekið á móti eldra fólki eða fólki á miðjum aldri svo það finni sig velkomið?

Hvernig tökum við á móti fólki sem kemur úr annarri neyslu en eingöngu áfengi, og er það velkomið í AA deildir, t.d með tilliti til 3. erfðavenjunnar?

Hópur 4

Þriðja erfðavenjan.

Til þess að gerast AA félagi þarf aðeins eitt: Löngun til að hætta að drekka; er aðgreing eðlileg innan AA-samtakanna? Sbr karlafundir, kvennafundir ofl ...

Er fólk sem kemur úr annarri neyslu en áfengi almennt velkomið í AA?

Hvernig bregðumst við við ef fólk mætir á fundi undir áhrifum? (út frá fyrstu og fimmtu erfðavenjunni).

Hópur 5: Málefna- og dagskrárhópur 2014

Hópur 5 undirbýr og semur spurningar fyrir næstu ráðstefnu

Hópur 6: er upplýsingarnefnd

Reykjavík, 2.febrúar 2013

Til: Allra AA-deilda á Íslandi
Frá: Kjörnefnd
Tilfni: Tilnefning AA-félaga til þjónustustarfa í landsþjónustunefnd.

Öllum AA-deildum landsins er hér sent bréf um rétt sinn til að tilnefna fulltrúa í landsþjónustunefnd. Þjónustutími AA-félaga í nefndinni er 5 ár.

Kjörnefnd velur AA-félaga til landsþjónustustarfa úr innsendum tilnefningum og koma þeir til þjónustustarfa í stað þeirra sem víkja úr nefndinni. Næsta landsþjónusturáðstefna staðfestir síðan það val eða hafnar. Í ár þarf að velja þrjá félagi.

Það er ætíð haft að leiðarljósi við val á AA mönnum inn í landsþjónustunefnd að viðkomandi hafi náð góðum árangri eftir bataleiðum AA-samtakanna; hafi undirstöðugóða þekkingu á samtökunum og helst einnig reynslu af þjónustustörfum innan þeirra.

Virkur samviskukjarni AA-deildar þekkir sína hæfustu menn og konur. Þó er rétt að hafa í huga við val á hæfustu einstaklingum til þjónustustarfa, að þeir rétta ekki endilega upp hönd að fyrrabragði þegar fjallað er um þessi mál. Því er gott að þeir séu tilnefndir af félögum á samviskufundi og þá beðnir um að þjóna fyrir hönd deildarinnar.

Miðað er við að AA félagar sem koma inn í landsþjónustunefnd hafi verið án áfengis í **a.m.k. 5 ár samfleytt.**

Athugið einnig að LPN fundar alltaf síðdegis síðasta mánudag hvers mánaðar. Því þarf tilnefndur AA-félagi að vera tilbúinn til að taka þá daga frá.

(skráningarupplýsingar)



AA samtökin á Íslandi – 34. landsþjónusturáðstefna AA - 2013

verður haldin í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði laugardaginn 18. maí

Kjörorð ráðstefnunnar er: „**AA-félaginn, AA-einingin.**”

Verkefni umræðuhópa eru eftirfarandi:

- 1. Þátttaka AA-deilda í landsþjónusturáðstefnu.**
- 2. Ábyrgð langtíma edrú AA-félaga (old timers).**
- 3. Hvernig tökum við á móti fólki þegar það kemur í AA.**
- 4. Þriðja erfðavenjan. Aðgreining / neysla í AA.**
- 5. Málefna og dagskrárhópur 2013.**
- 6. Upplýsingarnefnd.**

=====
Athugið: Einn AA félagi getur sótt ráðstefnuna fyrir hönd hveftrar starfandi deildar. AA félagar sem sækja ráðstefnuna hafa að lágmarki verið án áfengis í 3 ár samfleytt. Reynslan hefur sýnt að heppilegt er að skipta reglulega um fulltrúa (rotation) þannig að samtímis sitji reyndir og óreyndir fulltrúar ráðstefnuna og sami félagi getur komið allt að þrjú ár í röð. Athugið að ef AA-félagi hefur tekið að sér að þjóna í nefnd sem starfar á ráðstefnunni og þarf að mæta vegna þjónustustarfa sinna, er mælt til þess að hann sé tilnefndur sem fulltrúi deildarinnar sinnar, svo tryggt sé að aðeins komi eitt atkvæði frá frá hverri AA-deild. Hafið samband við þjónustuskrifstofu AA samtakanna, ef frekari upplýsingar vantar.

Þátttökugjald sem deildin greiðir er 8.000 kr. og er fulltrúinn skráður inn um leið og greiðsla hefur borist. Staðgreiða má á þjónustuskrifstofu AA samtakanna að Tjarnargötu 20, 101 Rvk, eða inn á rn: 513-26-661, kt: 410169-1859. **Vinsamlega gerið grein fyrir því hvaða deild greiðir svo skráning verði rétt.**

LPN greiðir ferðastyrk til fulltrúa sem koma frá Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Hafið samband við þjónustuskrifstofuna í síma 551 2010 vegna þessa.